Sambíóin taka sænska gamanmynd til sýninga

Leikstjórinn heldur erindi í Norræna húsinu

Sambíóin hafa tekið til sýninga gamanmyndina Seinheppni kylfingurinn eftir sænska leikstjórann Lasse Åberg. Þetta er nýjasta mynd leikstjórans sem hefur gert nokkrar af best sóttu myndum í Svíþjóð. Åberg var viðstaddur frumsýningu myndarinnar á föstudag. Hann mun í dag kl. 16.00 segja frá verkum sínum í Norræna húsinu og þar verður einnig sýnd mynd hans Kvikmyndir hans klukkan 14.

Kvikmyndin Seinheppni kylfingurinn fjallar um mann sem vegna veðmáls verður að læra golf á einni viku. Hann heldur til Skotlands með golfkylfur frænda síns, sem mamma hans hefur geymt frá árinu 1935. Viku seinna heldur hann aftur heim og verður að sanna getu sína í golfíþróttinni. Sällskapsresan fjallar um mann sem sem aldrei hefur farið til útlanda en ákveður að drífa sig í frí til Kanaríeyja, þrátt fyrir að hann sé haldinn mikilli flughræðslu. Ýmsir óvæntir og skondnir atburðir gerast í ferðinni Kvikmyndin er frá árinu 1981 og tekur um eina og hálfa klukkustund. Myndin er á léttum nótum fyrir alla fjölskylduna og er aðgangur ókeypis.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Árni Samúelsson, Lasse Åberg og Þorvaldur Árnason æfa sveifluna fyrir frumsýningu á myndinni Seinheppni kylfingurinn.

Lasse Åberg gerði fyrstu mynd sína árið 1976 og hefur síðan gert fjórar myndir. Seinheppni kylfingurinn hefur fengið góða dóma í Svíþjóð og víðar.

Flókakvöld á Kjarvalsstöðum

Þriðjudaginn 20. október kl. 20.00 verður að Kjarvalsstöðum dagskrá sem ber yfirskriftina „Flókakvöld" og er í tengslum við sýningu á verkum Alfreðs Flóka sem stendur þar yfir.

Á Flókakvöldinu munu nokkrir vinir Alfreðs Flóka minnast hans, hver á sinn hátt. Meðal annars mun Nína Björk Árnadóttir lesa kafla úr bók sinni um Flóka sem væntanleg er á næstunni frá Forlaginu. Aðrir sem koma fram eru: Atli Heimir Sveinsson, Dagur Sigurðarson, Jóhann Hjálmarsson, Ólafur Gunnarsson, Sjón og Þorri Jóhannesson.

Allir eru velkomnir á Flókakvöldið. Sýningunni á verkum Alfreðs Flóka lýkur á sunnudaginn 25. október.

Íslensk tónskáld við Glasgow-háskóla

Tvö íslensk tónskáld, Karólína Eiríksdóttir og Þorsteinn Hauksson, hafa nýlega lokið sex vikna dvöl við Háskólann í Glasgow. Þar störfuðu þau að tónsmíðum við tölvuver skólans.


Dvöl Karólínu og Þorsteins er annar hluti af þremur í menningarsamskiptum Glasgow og Reykjavíkur, sem hófust í júní síðastliðnum með listahátíðinni ÍSINN BROTINN (Breaking the Ice).

Þau Karólína og Þorsteinn sömdu þrjú ný verk í dvöl sinni við Háskólann í Glasgow og nutu góðs af tölvubúnaði skólans við tónsmíðarnar. Karólína samdi eitt verk sem flutt er af segulbandi. Þorsteinn nýtti aðstöðuna til að ljúka við samningu tveggja verka, sem hann hafði lagt grunn að í öðrum tölvuverum.

Þessi þrjú verk verða flutt á tónleikum í Glasgow 30. október næstkomandi, ásamt öðrum verkum sem samin voru í tölvuveri Háskólans í Glasgow á sama tímabili. Á tónleikunum mun Kolbeinn Bjarnason leika á flautu samhliða tónlist af segulbandi í öðru verka Þorsteins, en tónverkið er samið fyrir Kolbein.

Íslensk tónskáld hafa ekki aðgang að vel búnu tölvuveri hér á landi, svo að starfsaðstaðan í Háskólanum í Glasgow var mikils virði. Reykjavíkurborg og Háskólinn í Glasgow styrktu dvöl tónskáldanna.

Þriðji hluti menningarsamskiptanna fer fram í Reykjavík í janúar og febrúar á næsta ári. Þá verða Myrkir músíkdagar helgaðir skoskri tónlist. Skoskar myndlistarsýningar verða settar upp á Kjarvalsstöðum. Skoskur matreiðslumeistari sækir heim Veitingahúsið við Tjörnina og margt fleira.



Tryggvi Emilsson

Afmælisfrétt leiðrétt

Vegna mistaka birtist frétt í Morgunblaðinu í gær um níræðisafmæli Tryggva Emilssonar rithöfundar nokkrum dögum of fljótt, en afmæli Tryggva er þriðjudaginn 20. október. Morgunblaðið biðst velvirðingar á þessum mistökum og harmar þau óþægindi sem þau kunna að hafa valdið.



LÁTTU TÍMANN VINNA MEÐ ÞÉR

Fjárhagslegt sjálfstæði þitt í framtíðinni byggist á því að þú gerir ráðstafanir í tíma

Fjárhagslegt öryggi er flestum mikilvægt. Það á ekki síst við þegar fólk lætur af störfum og lífeyrisgreiðslur koma í stað launatekna. Krafan um að geta haldið þeim lífskjörum sem áunnist hafa á starfsævinni **þykir ef til vill sjálfsögð en hún er alls ekki sjálfgefin.**

Íslenski lífeyrissjóðurinn er **fullgildur lífeyrissjóður** sem sniðinn er að þörfum þeirra sem vilja skapa jafnvægi milli launatekna nú og lífeyristekna í framtíðinni.

Íslenski lífeyrissjóðurinn er **séreignasjóður** sem þýðir að inneign sjóðfélaga er séreign hans og nýtist honum einum eða erfingjum hans.

Traust fjárfestingastefna sjóðsins tekur mið af **langtímahag sjóðfélaga.** Sjóðfélagar geta ávallt fylgst með ávöxtun eigna sinna þar sem þeir fá sent **greinargott yfirlit yfir stöðu sína** ársfjórðungslega.

Fjárhagslegt sjálfstæði þitt í framtíðinni byggist á því að þú gerir ráðstafanir í tíma. Hafðu samband við ráðgjafa Landsbréfa sem fyrst.

Íslenski lífeyrissjóðurinn - séreignasjóður í umsjá Landsbréfa hf.



ÍSLENSKI LÍFEYRISSJÓÐURINN

LANDSBRÉF H.F.

Landsbankinn stendur með okkur

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, sími 91-679200, fax 91-678598.
Löggilt verðbréfafyrirtæki. Aðili að Verðbréfaþingi Íslands.

AUK/SÍA K117025-85